

Hættuflokkur C: Brassicol 50%, plöntulyf. Brassicol 20, plöntulyf, Brassicol Super Konc., plöntulyf. Brassicol 60, plöntulyf. Afalon, örgresisefni. Gesatop 50, örgresisefni. Ferbam Na Pudder, plöntulyf. Akidan Konc., plöntulyf.

Er því heimilað sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 132 13. júlí 1971, að flytja til landsins, selja eða nota framangreind efni og efnasamsetningar, samkvæmt þeim reglum, sem gilda um afhendingu og notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. apríl 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grimsson.

REGLUGERÐ

um dagvistunarheimili.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 29/1973 um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarstofnana leggur ríkið fram fé samkvæmt fjárveitingu hverju sinni til þess að reisa og reka dagvistunarheimili fyrir börn í því skyni að búa þeim góð uppeldisskilyrði, er efli persónulegan og félagslegan þroska þeirra.

2. gr.

Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar og rekstrar dagvistunarheimila, samkvæmt 3. gr. laga nr. 29/1973 eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög í fjölbýlishúsum, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar, sem reka vilja dagvistunarheimili í samræmi við markmið laganna. Lög þessi taka ekki til dagvistunar á einkaheimilum og eigi heldur til húsnæðis, sem ekki uppfyllir lágmarkskröfur um aðbúnað, samkvæmt lögnum og reglugerð þessari. Hið sama gildir, ef reglum um starfsmannahald er eigi fullnægt.

3. gr.

Þegar aðili, samkvæmt 3. gr. laga nr. 29/1973, óskar að njóta styrks úr ríkissjóði til að reisa og/eða reka dagvistunarheimili, skal hann senda beiðni sína á sérstöku umsóknareyðublaði menntamálaráðuneytisins. Með umsókn þessari skulu fylgja þau gögn, sem tilgreind eru í II. og III. kafla þessarar reglugerðar.

II. KAFLI

Um stofnkostnað dagvistunarheimilis.

4. gr.

Aðili, sem hyggst setja á stofn dagvistunarheimili og óskar að njóta styrks úr ríkissjóði, samkvæmt lögum nr. 29/1973, skal með umsókn sinni senda þau gögn, sem við eiga og tilgreind eru hér á eftir:

A. Nýbygging:

1. Áætlun um starfsemi heimilisins og upplýsingar um rekstraraðila.

2. Uppdrátt er sýni staðsetningu heimilis og stærð lóðar.
3. Áætlun um fjölda barna og aldur þeirra, og um fjölda starfsfólks.
4. Áætlun um byggingarkostnað og byggingartíma.

B. Kaup á húsnæði:

1. Áætlun um starfsemi heimilisins og upplýsingar um rekstraraðila.
2. Uppdrátt er sýni staðsetningu heimilisins og stærð lóðar.
3. Áætlun um fjölda barna og aldur þeirra, og um fjölda starfsfólks.
4. Málsetta teikningu af viðkomandi húsnæði og væntanlegu leiksvæði.
5. Upplýsingar um kaupverð og greiðsluskilmála og áætlun um kostnað vegna væntanlegra breytinga og innréttingar húsnæðis og frágang á leiksvæði. Upplýsingar um lóðarréttindi.

C. Leiguhúsnæði:

Sömu gögn og talin eru í lið B hér að framan, nema hvað upplýsingar um leigutíma og leigukjör komi í stað upplýsinga um kaupverð og greiðsluskilmála.

D. Viðbygging eða breyting:

Ef um er að ræða verulega breytingu eða viðbyggingu við dagvistunarheimili, skal senda sömu gögn sem um nýbyggingu væri að ræða.

- E. Ef um aðra aðila er að ræða en sveitarfélagið, skal umsögn sveitarstjórnar fylgja umsókn.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur rannsaka umsóknir um styrki til stofnkostnaðar og gögn þau, sem fylgja, með sérstöku tilliti til þeirrar starfsemi, sem fram á að fara í húsnæðinu. Að rannsókn lokinni tilkynnir ráðuneytið, hvort það hafi fallist á umsóknina.

Ef ráðuneytið gelur ekki fallist á umsókn, skal það tilkynnt aðila, og skal í synjun ráðuneytisins tekið fram, hvort hafnað sé í heild hugmyndum um téð heimili eða hvort synjun stafi af því að frumathugun sé áfátt, þannig að bæta megi úr og skal bent á, hverju sé áfátt.

Allar beiðnir um þátttöku ríkisins í stofnkostnaði skulu berast ráðuneytinu fyrir 1. júní ár hvert.

Þegar ráðuneytið hefur samþykkt slíka umsókn sækir það til Alþingis um að fé til stofnkostnaðarins verði veitt í fjárlögum í samræmi við gildandi reglur um þátttöku ríkisins í stofnkostnaði dagvistunarheimila.

6. gr.

Ríkissjóður greiðir stofnkostnað fullbúins dagvistunarheimilis að hálfu og skal þessi kostnaður greiðast á fjórum árum, en þó þannig, að kostnaðarhluti byggingaraðilans sé eigi minni en framlag ríkisins hverju sinni. Í lok hvers árs, sem byggingarframkvæmdir standa yfir, skal aðili leggja fram endurskoðaða reikninga um greiddan kostnað og skal þetta uppgjör lagt til grundvallar framlagi ríkisins í stofnkostnaði, þangað til ráðuneytið hefur látið gera norm um stofnkostnað dagvistunarheimila. Eftir það greiðist stofnkostnaður í samræmi við normin.

7. gr.

Eigi má hefja framkvæmdir fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins. Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

Hafi sveitarfélög tvö eða fleiri dagvistunarheimili í smíðum samtímis, skal heimilt að greiða framlög ríkissjóðs miðað við heildarkostnað, án viðmiðunar við framkvæmdastig einstakra heimila. Framlag ríkisins skal greitt á ákveðnum gjalddögum, sem tilgreindir skulu í samningi milli ríkis og byggingaraðila.

8. gr.

Eftir að ráðuneytið hefur fallist á umsókn sveitarstjórnar eða annars aðila, er óskar að stofna dagvistunarheimili, skal framkvæmdaaðili afla sér teikninga og ráða sérfræðinga til að annast undirbúningsvinnu.

Til undirbúnings telst m. a.:

1. Staðfest skilríki, um að uppmælt og afmarkað landrými samkvæmt normum sé fyrir hendi kvaðalaust.
2. Uppdráttur að lóð, þar sem færðar séu inn hæðarlínu — mælikvarði 1:500.
3. Uppdrættir að fyrirhuguðu mannvirki í mælikvarða 1:100 (bygginganefndarteikningar). Á teikningarnar skal rita flatarmál herbergja og til hverra nota þau eru ætluð.
4. Séruppdrættir að því, sem ráðuneytið kann að áskilja sér.
5. Samþykkt teikninga í bygginganefnd viðkomandi sveitarfélags.
6. Tíma- og greiðsluáætlun um framkvæmd verksins í samræmi við samþykktu kostnaðaráætlun og yfirlýsing frá sveitarstjórn eða byggingaraðila um að tryggð verði þau fjárframlög, sem um er að ræða frá öðrum en ríkissjóði.

Er frumteikningar að dagvistunarheimili liggja fyrir, skal fulltrúi ráðuneytisins hafa möguleika á að gera athugasemdir við teikningar áður en fullnaðarteikningar eru unnar. Enn fremur skal fulltrúi ráðuneytisins hafa frjálstan aðgang að dagvistunarheimili, sem er í smíðum og styrkt er úr ríkissjóði. Hann skal enn fremur gera úttekt á mannvirkinu, er því er lokið.

9. gr.

Þegar ráðuneytið hefur gengið úr skugga um, að undirbúningur sé fullnægjandi samkvæmt framansögðu, og fjárframlög tryggð, sér það um að gerður verði samningur milli þess og viðkomandi byggingaraðila um greiðslur, samkvæmt 6. gr. laga nr. 29/1973, og heimilar að hafinn verði tæknilegur undirbúningur.

Ekki má breyta samþykktum uppdráttum án samþykkis menntamálaráðuneytisins.

Óheimilt er að hefja verklegar framkvæmdir, né gera bindandi samninga við verksala, fyrr en nauðsynlegum tæknilegum og fjármálalegum undirbúningi svo og samningum samkvæmt framanskráðu er lokið.

Til tæknilegs og fjármálalegs undirbúnings telst:

1. Vinnuteikningar í mælikvarða 1:50, svo og sérteikningar í stærri mælikvarða eftir því, sem þörf krefur.
2. Afstöðumynd í mælikvarða 1:500 með hæðarlínunum og áttum, bílastæðum o. fl.
3. Teikningar að leiksvæði í mælikvarða 1:100 með hæðarlínunum og fyrirhuguðum leiktækjum.
4. Nákvæm útboðs- og verklýsing, efnisáætlun og tímaáætlun gerð og sundurliðuð á sérstakt eyðublað.
5. Tími- og greiðsluáætlun sbr. 6. lið 8. gr. reglugerðarinnar.
6. Afrit af samþykki viðkomandi eldvarnareftirlits og heilbrigðisnefndar.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins dagvistunarheimilis, sem fullnægt hefur þeim skilyrðum, sem greint er frá í lögum nr. 29/1973 og reglugerð þessari.

Til stofnkostnaðar telst auk húsnæðis:

- a) innanstokksmunir
- b) leiktæki og ýmisleg áhöld, sem börnin nota í leikjum sínum og starfi
- c) hljómburðartæki, nýsitæki og hljóðfæri af einfaldari gerðum
- d) frágangur á lóð og leiktæki þar.

Eigi síðar en mánuði áður en rekstur hefst, skal ganga frá skrá um muni, sem falla undir liði a—d.

Ef sveitarfélag mælir með stofnun dagvistunarheimilis eða er sjálft byggingaraðili, skal það á sinn kostnað leggja til lóð handa stofnuninni.

Heimilt er að verja allt að 1% af áætluðum stofnkostnaði til listskreytinga dagvistunarheimila, samkvæmt samkomulagi ráðuneytisins og annarra eignaraðila.

11. gr.

Kostnaðaráætlun dagvistunarheimilis skal miða við byggingarvísitölu á þeim tíma, sem kostnaðaráætlun er staðfest. Um leiðréttingu kostnaðaráætlunar og greiðslusamnings gilda sömu ákvæði og um skólamannvirki.

12. gr.

Menntamálaráðuneytinu er heimilt að fresta greiðslu fjárveitingar að einhverju eða öllu leyti til byggingar þeirra dagvistunarheimila, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu né nothæfum áfanga með þeim fjárveitingum í fjárlögum, sem veittar eru, og fjárframlögum sveitarfélaga eða byggingaraðila. Beittir menntamálaráðuneytið sér fyrir því, að slíkar fjárveitingar verði geymdar í ríkissjóði, en jafnframt er þá heimilt að veita lán af þeim til þess að hraða byggingu þeirra heimila, sem unnið er að, til þess að ljúka þeim sem fyrst.

13. gr.

Ríkissjóður skal að jafnaði greiða sinn hluta af stofnkostnaði á næstu fjórum árum, eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt.

Ríkisframlagið er þó bundið því skilyrði, að byggingaraðili hafi hverju sinni greitt eigi lægri fjárhæð á móti.

14. gr.

Sé dagheimili skipt í deildir, skal fjöldi barna í hverri deild eigi vera meiri en hér segir og er þá miðað við það, að tveir starfsmenn séu á deild:

Í deild fyrir 3ja—12 mánaða aldur, 6 börn.

Í deild fyrir 1—2ja ára aldur, 10 börn.

Í deild fyrir 2—3ja ára aldur, 14 börn.

Í deild fyrir 3—4ra ára aldur, 17 börn.

Í deild fyrir 4—6 ára aldur, 20 börn.

Sé um að ræða blandaða aldursflokka, skal hámarksfjöldi í hópi vera sem hér segir:

Hópar með 3ja mánaða til 6 ára, 15 börn.

Hópar með 3ja mánaða til 12 ára, 16 börn.

Hópar með 2ja til 6 ára, 17 börn.

Fjöldi starfslíðs í blönduðum aldurshópum, skal meta hverju sinni miðað við aldursskiptinguna.

Á skóladaðheimili fyrir 6—12 ára börn, 20 börn.

Í leikskólum skal barnafjöldi vera sem hér segir, ef skipt er eftir aldri:

Í 2ja ára deild, 14 börn.

Í 3ja ára deild, 20 börn.

Í 4—6 ára deild, 22 börn.

Pegar um blandaða aldurshópa er að ræða í leikskólum, skal barnafjöldi í hópi vera hliðstæður því sem segir hér að framan.

Raskist aldursskipting af óviðráðanlegum ástæðum, eru frávik heimil frá því sem að framan greinir.

Ef afbrigðileg börn eru vistuð á dagvistunarheimili, er heimilt með samþykki ráðuneytisins að fækka um börn í deild, en meta skal slíkt í hverju tilviki.

15. gr.

Hámarksstærð dagheimilis og skóladaðheimilis, þar sem ríkið greiðir 50% af stofnkostnaði, skal svara til þess að í heildargólfrymi komi 10 m² á hvert barn, sem heimilið er ætlað fyrir og 5 m² í leikskólum.

Heildarleikrymi gólfflatar skal vera að jafnaði a. m. k.:

a) dagheimili 3,5 m² á hvert barn

b) leikskóla 2,0 m² á hvert barn.

Útileiksvæði skal eigi vera minna en 20 m² á hvert barn. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði með samþykki ráðuneytisins, ef aðstæður eru þannig að ástæða þyki til.

III. KAFLI

Um rekstrarkostnað.

16. gr.

Pegar hafinn er rekstur á dagvistunarheimili og óskað er eftir styrk úr ríkissjóði til rekstrarins, samkvæmt lögum nr. 29/1973, skal aðili senda menntamálaráðuneytinu um það beiðni á sérstöku eyðublaði ráðuneytisins. Með þessari beiðni skal senda eftirfarandi upplýsingar hafi þær ekki verið sendar til ráðuneytisins áður.

1. Áætlun um starfsemi heimilisins og upplýsingar um rekstraraðil.
2. Uppdrátt, er sýni staðsetningu heimilisins og stærð lóðar.
3. Áætlun um fjölda barna og aldur þeirra, fjölda starfsfólks, men tun þess og starfsskiptingu.

17. gr.

Pegar ráðuneytið hefur samþykkt aðild að rekstri dagvistunarheimilis, skal ákveðinn daglegur starfstími heimilisins. Dvelji barn lengur en 5 stundir samfellt á dagvistunarheimili, ber rekstraraðila skylda til að láta börnin fá heita máltíð.

18. gr.

Af rekstrarkostnaði greiðir ríkið sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladaðheimila allt að 30%.
2. Til leikskóla allt að 20%.

Rekstrarstyrkir þessir skulu greiddast að loknu ársuppgjöri dagvistunarheimilis og skal meðaltalskostnaður samsvarandi dagvistunarheimila lagður til grundvallar við greiðslu. Heimilt er þó að halda rekstrarkostnaði einstakra heimila fyrir utan meðaltalsútreikninga, ef þeir af einhverjum ástæðum þykja óeðlilegir.

Skal ráðuneytið reikna kostnað á vistunardag dagvistunarheimila eftir tegund, sbr. 14. gr., stærð og rekstrartíma, og er sá kostnaður lagður til grundvallar greiðslu til rekstraraðila.

Heimilt er að greiða allt að helmingi af áætluðum rekstrarstyrk fyrirfram.

Til rekstrarkostnaðar telst:

1. Laun starfsfólks.
2. Launatengd gjöld.
3. Matvæli fyrir vistbörn.
4. Rafmagns- og hitunarkostnaður.
5. Hreinlætisvörur og ræsting.
6. Viðhald húsa, lóðar, húsbúnaðar, leiktækja og leikfanga.
7. Sími, tryggingargjöld, heilsugæsla og ýmsar ótaldir smáir rekstrarliðir.

Ríkisframlag til rekstrarkostnaðar er bundið því skilyrði, að sveitarfélag, sem hlut á að máli, greiði eigi minna af rekstrarkostnaði dagvistunarheimila en nemur rekstrarframlagi ríkisins, nema til komi undanþáguheimild ráðherra sbr. 9. gr. laganna.

Sé um að ræða rekstur dagvistunarheimilis í leiguhúsnæði, er það háð mati menntamálaráðuneytisins, hvort og að hvaða marki ráðuneytið tekur þátt í greiðslu húsaleigu.

19. gr.

Rekstraraðili hvers dagvistunarheimilis skal láta halda nákvæma skrá yfir dvalardaga, aldursskiptingu og fjölda á deild á heimilinu og skal skýrsla um nýtingu þess og kostnað á dvalardag send ráðuneytinu ásamt endurskoðuðum rekstrarreikningi þar sem rekstrarliðir eru sundurliðaðir í prósentum að loknu ársuppgjöri. Gefur ráðuneytið út leiðbeiningar um, hvernig reikna skuli dvalardaga.

Sé skráningu og skýrslugerð ábótavant getur það varðað missi réttar til rekstrarstyrks.

V. KAFLI

Endurgreiðslur á ríkisframlagi vegna þess að rekstur hættir.

20. gr.

Þegar rekstraraðili ákveður að hætta rekstri dagvistunarheimilis, sem byggt eða keypt hefur verið með styrk frá ríkissjóði, samkvæmt lögum nr. 29/1973, og óskar að taka húsnæðið til annarra nota skal kveðja til sérstaka matsmenn, sem meta skulu eign ríkisins á viðkomandi byggingu og skal rekstraraðili semja við ríkið um endurgreiðslu samkvæmt þessu mati.

Ríkið áskilur sér þó rétt til að ráðstafa viðkomandi húsnæði til annars rekstraraðila. Þó tekur þetta ákvæði ekki til sveitarfélaga.

21. gr.

Þegar breytt er um rekstrarform dagvistunarheimilis, sem hlotið hefur styrk til stofnkostnaðar frá ríkinu, fellur skuldbinding ríkisins við rekstraraðila niður og endurkröfuréttur vegna eignarhluta ríkisins tekur gildi, ef eignarýrnun er samfara breytingunni.

Sérstaklega skal semja við ríkið um rekstraraðild að nýjum rekstri svo og að stofnkostnaði, ef um hann er að ræða.

VI. KAFLI

Heilsuvernd.

22. gr.

Læknar skulu hafa eftirlit með heilsufari barna á dagvistunarheimilum, og skal læknir koma a. m. k. einu sinni í mánuði á hvert dagheimili.

Dagvistunarheimili skulu njóta þjónustu sálfræðings og ráðgjafarþjónustu eftir

Því sem við verður komið. Tengja skal þessa þjónustu við ráðgjafar- og sálfræði-þjónustu skóla og félagsmálastofnana, eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.

Um eftirlit með heilsufari starfsfólks skal farið samkvæmt ákvæðum í heilbrigðisreglugerð nr. 45 frá 8. febrúar 1972 útg. af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 1972.

VII. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

23. gr.

Ráðuneytið getur veitt starfandi dagvistunarheimilum, svo og þeim sem voru fullbyggð eða hönnuð fyrir gildistöku laga nr. 29/1973 og útgáfu þessarar reglugerðar, rekstrarstyrk á sama hátt og öðrum heimilum, þótt þau fullnægi ekki lágmarksákvæðum reglugerðarinnar um stærð og rekstur, enda verði allur aðbúnaður færður til samræmis við ákvæði laganna svo fljótt sem auðið er.

24. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 29/1973, um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytið, 26. apríl 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

G J A L D S K R Á

yfir rannsóknir er Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins framkvæmir.

1. gr.

Steinefni og jarðvegur.

Húmus og slamm:	kr.	400/	300
Kornadreifing:			
Votsigtað	—	1 000/	800
Þurrsigtað	—	800/	700
Berggreining:			
Bergflokkun skv. talningu	—	1 500	
Lausleg berggreining	—	500	
Kornarúþpyngd:			
Sandur	—	1 300/	1 100
Möl	—	1 000/	800
Mettivatn:			
Sandur	—	1 300/	1 000
Möl	—	800/	600
Mettivatn og kornarúþpyngd: (gerð samtímis)			
Sandur	—	2 100/	1 700
Möl	—	1 500/	1 300